

Nd.

838. Nefndarálit

[299. mál]

um frv. til laga um jöfnunargjald.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd hefur haft til athugunar frv. til laga um jöfnunargjald. Nefndin hélt nokkra fundi með fjárhags- og viðskiptanefnd efri deildar. Á fund nefndanna komu eftirgreindir aðilar og gáfu þeim upplýsingar: Frá Félagi ísl. iðnrekenda Davíð Scheving Thorsteinsson formaður og Haukur Björnsson framkvæmdastjóri, frá Verslunarráði Íslands Þorvarður Eliasson framkvæmdastjóri, Hjalti Geir

Kristjánsson formaður og Ragnar Halldórsson varaformaður, frá A.S.Í. Ásmundur Stefánsson hagfræðingur og frá Iðju, félagi verksmiðjufólks, Bjarni Jakobsson formaður.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hlutinn leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt, en minni hlutinn mun skila séráliti.

Frumvarpið felur í sér, að lagt verði 3% gjald á innfluttar iðnaðarvörur án tillits til framleiðslulands í því skyni að veða upp á móti þeim söluskatti, sem leggst á íslenska framleiðendur hliðstæðra vara skv. gildandi söluskattslögum. Slíkar skattálögur leggjast ekki á erlenda framleiðendur, sem búa flestir við virðisaukaskattskerfi. Þetta íþyngir íslenskum framleiðendum í samkeppninni bæði á innanlandsmarkaði og í útflutningi. Þessi íþynging verður því erfiðari á innanlandsmarkaðinum sem aðlögunartíminn stýttist við EFTA og EBE og tollar lækka, en nú eru einvörðungu um 20 mánuðir eftir af þeim tíma, eins og kunnugt er. Af þessari ástæðu er talin nauðsyn á að jafna samkeppnisaðstöðu innlendra og erlendra framleiðenda, svo sem stefnt er að með þessu frv., og tryggja þannig viðgang íslensks iðnaðar, en viðurkennt er, að sá atvinnuvegur verður að taka við megninu af því vinnuafli sem árlega bætist á vinnumarkaðinn.

Jafna mætti samkeppnisaðstöðu innlendra og erlendra framleiðenda í þessu efni á þrennan hátt:

Í fyrsta lagi með því að endurgreiða þann söluskatt sem innlendir framleiðendur verða að greiða í ríkissjóð, en erlendir keppinautar þeirra gera ekki í viðkomandi löndum. Þetta er afar flókin aðferð og í raun illframkvæmanleg. Reikna yrði út í hverri iðngrein, hversu mikil uppsöfnunaráhrif söluskattsins eru, en þau eru talin í flestum tilfellum milli 2 og 4% af framleiðslukostnaði, og endurgreiða síðan hverjum einasta framleiðanda. Auk þess þyrfti að afla fjár til ríkissjóðs með einhverjum hætti til þess að standa straum af þessum auknu útgjöldum eða skera niður framkvæmdir eða þjónustu til þess að veða á móti þeim.

Í öðru lagi mætti ná þessum jöfnuði með því að taka upp virðisaukaskattskerfi hér á landi. Iðnrekendur og verslunarráðsmenn lögðu mikla áherslu á að því yrði hraðað, og skal undir það tekið. Óhjákvæmilegt er að nokkur tími liði samt sem áður þar til virðisaukaskatti verði komið á. Það er viðkvæmur tími fyrir viðgang íslensks iðnaðar. Óhjákvæmilegt er því að gera bráðabirgðarástafanir til lausnar þessum vanda iðnaðarins.

Í þriðja lagi er unnt að ná framangreindum jöfnuði með álagningu slíks jöfnunargjalds á meðan virðisaukaskattur er ekki upp tekinn, enda sé útflytjendum endurgreiddur söluskattur sem leggst á framleiðslukostnað þeirra vara, sem fluttar eru út. Að því er stefnt með þessu frv. Þetta er fyrst og fremst markmiðið, og þannig er í rauninni náð jöfnuði í skattálagningu íslenskra iðnrekenda og erlendra bæði á innanlands- og útflutningsmarkaði. Ganga má þó lengra með þessari ráðstöfun, þ. e. a. s. með því að verja verulegum hluta af þeim tekjum, sem verða af gjaldinu, til almennrar iðnþróunar. Þetta er yfirlýst markmið með lögfestingu frv., og þannig er stefnt að því að gera enn þá betur en jafna samkeppnisaðstöðu íslensks iðnaðar með þessu frv. Markmiðið er að fjármagna nýjar iðnþróunaraðgerðir, sem út af fyrir sig eru til mikilla hagsbóta fyrir þennan mikilvæga atvinnuveg.

Hliðstæð leið er farin í Finnlandi, en þar er ekki ósvipað söluskattskerfi og hér á landi, gagnstætt því sem er í flestum löndum EFTA og EBE, þ. e. a. s. helstu framleiðslulöndum samkeppnisvöru á íslenskum markaði og þeim mörkuðum sem Íslendingar selja framleiðsluvöru sína. Þetta jöfnunargjald er misjafnt eftir tegundum vara í Finnlandi, allt frá 1.5%—6%, og hefur verið lagt á í mörg ár til stuðnings finnskum iðnaði og jöfnunar á samkeppni við þá sem búa við söluskattskerfi.

Áætlað er að tekjur af þessu jöfnunargjaldi muni verða um 675 millj. króna á yfirstandandi ári, en um 1080 millj. króna á heilu ári. Þessi tekjuáætlun er við það miðuð, að þetta gjald leggist ekki á nokkra vöruflokka, m. a. skip, veiðarfæri og áburð. Eins og fram kom í ræðu fjármálaráðherra við 1. umræðu er ætlunin að

verja skv. ákvörðun ríkisstjórnarinnar á yfirstandandi ári hluta gjaldsins til endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti á iðnaðarvörum til útflutnings og er einsýnt að svo verði gert meðan gjaldið er lagt á og virðisaukaskattur ekki upp tekinn. Enn fremur er ætlunin, að hluti tekna af gjaldinu gangi til eflingar iðnþróunar.

Mjög skiptar skoðanir eru um áhrif þessa jöfnunargjalds á verðlag í landinu. Hagstofa Íslands hefur áætlað, að verðhækkunaráhrifin nemi um 0.3%, Alþýðusamband Íslands, þ. e. a. s. hagfræðingur þess tjáði nefndinni, að hann teldi verðhækkunaráhrifin 0.5%, en fulltrúar Verslunarráðs Íslands töldu þau geta numið frá 0.7—1%. Aftur á móti vilja iðnrekendur halda því fram, að verðhækkunaráhrifin verði frá 0.1—0.2%. Þessar áætlanir eru miðaðar við mismunandi forsendur. T. d. telja iðnrekendur að erlendir framleiðendur muni lækka verð á vöru sinni til þess að vega á móti gjaldinu og halda þannig í markaðshlutdeild sína. Fyrir þessari skoðun færa þeir fram raunveruleg dæmi úr fortíðinni, t. d. þegar gengislækkun hefur orðið. Mjög örðugt er að fullyrða neitt um hver niðurstaðan verður í raunveruleikanum, þ. e. a. s. hver verðhækkunaráhrifin verða, en meiri hluti nefndarinnar telur að áætlun Hagstofu Íslands sé sennilegust.

Á undanförunum árum, þegar tollar hafa verið felldir niður milli landa og friverslun aukist milli þjóða, hefur ótvírætt gætt vaxandi tilhneigingar, m. a. hjá þjóðum, sem keppa í ríkum mæli við iðnaðarframleiðslu Íslendinga, að ríkisvaldið í viðkomandi löndum leggi beint eða óbeint fram fjármuni og fyrirgreiðslu til þess að auðvelda framleiðendum iðnaðarvара að standast harðnandi samkeppni. Dæmi eru um að viðkomandi ríkisstjórnir veiti óafturkræf framlög, styrki, hagstæð lán og bein fjárframlög til þjálfunar, eflingar útflutningsstarfsemi o. s. frv. Íslendingar hafa ekki haft bolmagn til þess að fara inn á þessa braut, enda a. m. k. ekki æskilegt frá þeirra sjónarmiði, að slíkar beinar niðurgreiðslur á framleiðslukostnaði verði ríkjandi þáttur í samkeppni milli þjóða. Slíkt mundi einungis hafa það í för með sér, að hinar ríkari og fjölmennari þjóðir bæru sigur úr bítum. Á hinn bóginn er einsýnt, að ekki er stætt á því, á sama tíma sem hið opinbera erlendis léttir beint og óbeint undir með erlendum keppinautum framleiðenda íslenskra iðnaðarvара, að áfram haldist sá ójöfnuður, sem uppsöfnunaráhrif söluskatts valda fyrir íslenska framleiðendur.

Að öllu framansögðu athuguðu leggur meiri hluti fjárhags- og viðskiptanefndar til að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 2. maí 1978.

Ólafur G. Einarsson,
form.

Lárus Jónsson,
fundaskr., frsm.

Ólafur B. Óskarsson.

Sverrir Bergmann.

Tómas Árnason.